

Reykjavík 13. desember 2007

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003
- 135. löggjafarþing 2007 – 2008. Þskj. 43 – 43. mál.**

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar dags. 27. nóvember 2007 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Norðurál er efni frumvarpsins ósammála.

Samanburður á orkuverði verður að byggjast á mati á arðsemi þeirra fjárfestinga sem liggja að baki.

Í samningum um orkuverð er eðlilegt að litið sé til þess hversu mikil orka er keypt og hve stöðug eftirspurnin er. Norðurál kaupir til dæmis raforku af viðsemjendum sínum í stöðugu magni, allan sólarhringinn, alla daga ársins. Jafnframt þarf að líta til fjárfestinga í orkuflutningsmannvirkjum og nýtingarhlutfalls þeirra. Þá þarf að meta mismunandi afhendingarmáta, en stórnotendur taka við rafmagni á hárrí spennu á meðan aðrir njóta þeirrar þjónustu frá dreififyrirtækjum. Stórnotendur reka eigin spennistöðvar og dreifiveitur á eigin kostnað en greiða ekki fyrir það í gegnum orkuverð eins og þeir sem nota minna magn raforku.

Norðurál er með orkusamninga við Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja vegna álvers á Grundartanga annarsvegar og fyrirhugaðs álvers við hafnarsvæðið í Helguvík. Umsamið er í öllum þessum samningum að orkuverð sé trúnaðarmál milli aðila. Ekki verður séð að sú skerðing á samningsfrelsi sem frumvarpið leggur til sé réttlætanieg, en margskonar hagsmunir búa að baki því fyrirkomulagi að farið skuli með orkuverðið sem trúnaðarmál.

Margar fullyrðingar í greinargerð þessa frumvarps eru órökstuddar og ganga til dæmis gegn niðurstöðum skoðanakannana sem gerðar hafa verið um þessi mál. Reynsla Norðurláís sýnir almennan stuðning við atvinnuuppbyggingu á þessu sviði, bæði vegna jákvæðra áhrifa á atvinnumarkað og alla atvinnustarfsemi í þeim héruðum sem notið hafa góðs að slíkri uppbyggingu. Það eru ekki síst verkalýðsfélög og sveitarstjórnir sem hafa tekið uppbyggingu á þessu sviði opnum örmum enda eru meðallaun starfsmanna hærrí en landsmeðaltal og hafa fyrirtækin verið í fararbroddi á sviði öryggismála, þjálfunar og aðstöðu starfsmanna. Þá má benda á að virkjanir eru meðal vinsælustu áfangastaða ferðamanna, bæði innlendra og erlendra.

Ég vil nota tækifærið og bjóða Iðnaðarnefnd Alþingis að heimsækja áiver Norðuráls á Grundartanga. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað á undanförnum og það væri okkur sönn ánægja að kynna nefndarmönnum starfsemina og ræða um þau mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Norðuráls ehf. og dótturfélaga



Ágúst F. Hafberg

Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta